

2

0

2

4



Flugmodellárid



Finndu eina villu!





Steini „litli“ málari og Steini „mini-me“ í Yak.



Falleg smíði úr smíðju Skjaldar Sigurðssonar.





Forsíðumyndin er af MB-339 í skalanum 1/5 í eigu Sverris Gunnlaugssonar, sjá umfjöllun á blaðsíðu 26. Myndina tók Guðni Sigurjónsson.


Myndir á opnu:  
10 ára útgáfuafmæli Flugmódelársins og Stórskalafflugkoman á Tungubökkum.



ÚTGEFANDI  
Frettavefur.net

RITSTJÓRI  
Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR  
Sverrir Gunnlaugsson  
nema annars sé getið



Hafðu samband

FRETTAVEFUR.NET  
Klukkuvöllum 10  
221 Hafnarfirði

NETFANG  
ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2024  
Allur réttur áskilinn.  
Prentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

# RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á veraldarvefnum árið 1999 og það var svo 2004 sem spjallborð flugmódelmanna opnað.

Þannig að þau fagna 25 ára og 20 ára afmæli á árinu og er óhætt að segja að tíminn fljúgi áfram!

Líttu endilega við á <https://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



**Þ**á hefur tíunda tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós. Það var nóg að gera á árinu og þrátt fyrir að veðrið hafi ekki endilega verið á útlendamælikvarða þá var nóg flogið.

Talsvert var um samkomur og mót og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins. Þar ber helst að nefna Flotflugkomu FMS, Þotuflugkomuna, Kríumótið, Stríðsfuglaflugkomuna, Piper Cub flugkomuna, flugkomu FMFA á Melgerðismelum, Íslandsmótið í hangi F3F og Stórskalafflugkomuna sem er á sínu 39. ári.

Almennt var sumarið nokkuð gott fyrir flugmódelmenn þó ekki hafi verið mikið um bongóblíðu á suðvesturhorninu en sviffugmenn voru einnig óheppnir með vindáttir og styrkleika á árinu og langt síðan svona lítið sviffug var flogið. Þotudeildin hélt áfram að vera öflug og var talsverðu brennt af risaeðludjúsi á árinu og loftið hitað vel upp.

Þar sem QR kóðarnir mæltust vel fyrir á síðum tímaritsins í fyra höldum við áfram að nota þá til að miðla aðeins meira efni til lesenda á þessari tækniöld!

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: <https://frettavefur.net/timarit/>

SVERRIR GUNNLAUGSSON  
Ritstjóri

# FLOTFLUGKOMA FMS

Flugmóðelfélag Suðurnesja hélt sína árlegu flotflugkomu í byrjun sumars en að auki voru haldin flotflugkvöld um miðjan mánuðinn yfir sumartímann. Finasta mæting var og mikið flogið í sumar á vatni.



Umfjöllun á Fréttavefnum



Neyðarlúgan opin...





# ÞOTUFLUGKOMAN



Líf og fjör, múgur og margmenni og allt morandi í þotum af öllum stærðum og gerðum! Steinolíubrennarar, hárbłasasar, krullujárn og allt þar á milli! Morguninn byrjaði með hægviðri og sól en svo kom Kári líka í heimsókn og var Vatnsendi braut dagsins þó í blálökin hafi aðeins þurft að kíkja yfir á Heimsenda. Í hádeginu var nokkrum pylsum skellt á grillið undir öruggri stjórn Lúlla og svo var þeim skolað niður með gosi og Prins Póló í eftirrétt. Eftir mat var svo haldið áfram að þjóta um loftin blá og taka á móti gestum sem komu jafnt og þétt yfir allan daginn.



Umfjöllun á Fréttavefnum







Mynd: Guðni Sigurjónsson





# STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE



Vídeo á YouTube

Eitthvað voru veðurfræðingarnir að klikka á spánni en þrátt fyrir hátt rakastig og lágskýjaða stemmningu þá voru þeir allra hörðustu mættir á Stríðsfuglaflugkomu Einars Páls á Tungubökkum í morgunsárið. Spáin hljóðaði upp á þurrt milli 10-13 en við urðum að sætta okkur við að fljúga frá ca. 10:30 til 11:30 en þá tóku himnarnir að gráta, þó ekki yfir aðförunum hjá flugmönnum, það var ekkert út á þá að setja, og var mikið flogið þann stutta tíma sem veðrið gaf.



Umfjöllun á Fréttavefnum





# KRÍUMÓTIÐ

Sjaldan hefur Kríumótið dregist svona langt inn í sumarið en þetta eru engir venjulegir tíma sem við lifum á. Hannes, Lárus, Erlingur, Jón, Böðvar og Sverrir nutu sín vel og ófá hástörtin sem framkvæmd voru. Ekki náðu allir að mæta sökum anna á öðrum sviðum en þeir verða þá bara með næst. Það rættist heldur betur úr veðrinu en samkvæmt spánni átti að vera skýjað en í staðinn mætti sólin á svæðið í öllu sínu veldi.



Umfjöllun á Fréttavefnum





# PIPER CUB FLUGKOMAN



Varla var hægt að biðja um betra veður fyrir flugsamkomu, sól, heiðskýrt yfir svæðinu og hitistigið 16°C! Mikið var flogið af Cub, eðli málsins samkvæmt, og á svæðinu voru einnig flugmódel sem upplifa sig sem Cub sem nýttu tækifærið og tóku þátt í fjörinu, enda engin ástæða til að útiloka einn né neinn, hvorki á grundvelli litaháttar, gulur var óneitanlega ríkjandi, né annars.



Umfjöllun á Fréttavefnum



# FLUGKOMA FMFA

Hin árlega flugkoma Flugmóðelfélags Akureyrar á Mølgerðismelum var að sjálfsögðu á sínum stað. Fínasta veður var þó nokkrir dropar hafi látið sjá sig eftir hádegjð en þá var það ekkert til að halda mönnum á jörðinni. Mikið var flogið og spjallað, veitingarnar voru á sínum stað og ófár vöflur með rjóma runnu ljúft niður og svo var dýrindis lambakjöt grillað ofan í mannskapinn um kvöldið. Óhætt að segja að flugkomurnar gerist ekkert mikið betri en þetta!



Umfiöllun á Fréttavefnum







Hluti af fluginunni.



Maturinn rann ljúft niður.

Excalibur bræður, Magnús og Jón að gera sig klára í samflug.



Voru einhverjir að spila Scrabble?



Smoke on!



Smá slagsmál við spaðann!



Reddingar!



Það er margt spennandi að sjá fyrir litla snáða!



# GRUNAU BABY, TF-SAJ

Þetta glæsilega flugmódel af Grunau Baby var 8 ára í smíðum hjá Hannesi S. Kristinssyni.

Módelið er smíðað eftir „short kiti“ af teikningu eftir Rüdiger Götz og er í skalanum 1:3 með vænghaf upp á 450 cm. Klæðning er 0,6mm krossviður og flugvéla-dúkur. Hannes flaug sjálfur fullskala svifflugunni TF-SAJ á Sandskeiði á sjöunda áratugnum þegar hann var virkur meðlimur í Svifflugfélagi Íslands.





*Umfjöllun á Fréttavefnum*



# STÓRSKALAFLOGKOMA EPE

Stórskalaflogkoma Einars Páls var á sínum stað í 39. skiptið og var fínasta mæting og nokkur af stærstu flugmódelum landsins voru mætt á svæðið. Það var nánast logn fram til klukkan tvö og var það óspart nýtt og mikið flogið. Eftir tvö fór svo veðurspáin að ganga eftir og var norðan 5 til 6 það sem eftir lifði dags. Dagurinn gekk að mestu áfallalaust fyrir sig en Cub einn í einum fimmta skala var með einhverja óþekkt og kom frekar harkalega niður úr þeim hásar.

Það verður mikið um dýrðir og fjör á næsta ári þegar Stórskalaflogkoman fagnar sínu fertugasta afmæli en allt hófst þetta á Sandskeiði árið 1985. Takið því 16. ágúst 2025 frá í dagatalinu strax í dag því þið munið ekki vilja missa af þessum viðburði!



Um fjöllun á Fréttavefnum







# FLOGIÐ Á DALVÍK

Myndir: Elvar Þ. Antonsson & Heiðar Ö. Guðmundsson

Á Skáldalæk við Dalvík má oft á tíðum rekast á heimamenn þar sem þeir fljúga á túninu við bæinn. Þarna er fínasta aðstaða og eins og oft vill verða norðan heiða þá leikur veðrið oft við hvern sinn fingur. Heyrst hefur að þeir stefni á að halda flugkomu fljótlega. Ég mæti, hvað með þig!?

Mynd: DB blaðið | Albert Gunnlaugsson



Hann Ívan Teitur er bara þriggja ára en er strax orðinn mjög spenntur fyrir fluginu og honum leiðist greininlega ekki að hjálpa þabba gamla!



Stundum er grasið hart!



# AERMACCHI MB-339

Myndir: Guðni Sigurjónsson & Magnús Kristinsson



Forsíðumyndin er af Aermacchi MB-339 í skalanum 1/5 í eigu Sverris Gunnlaugssonar. Vélin kemur frá Hangar 9 vörumerki Horizon Hobbies og er með örlítið lengri væng en fyrirmyndin. Þotan er með Xicoy 95 túrbínu sem gefur 95N í kný, eða um 9,5 kg. Túrbínan er 76mm í þvermáli, 183mm á lengdina og vigtar aðeins 706 grömm.



Vídeo á YouTube



# ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANGI F3F

Eftir mikla yfirlegu yfir veðurspánni þá var ákveðið að kýla á að halda Íslandsmótið þar sem ekki var útlit fyrir rigningu. Sverrir og Elli mættu rétt fyrir hádegi og fóru að stilla upp hliðum, fljótlega bættist Hannes í hópinn og svo Böðvar og Jón. Finustu aðstæður voru, 11-13 m/s og góður blástur í Kára, eftir uppsetningu á hliðum og frekari undirbúning þá fór að hrúgast ísbyggilega mikið af skýjum upp við Reykjanesfjallgarðinn og víti menn rétt fyrir kl. 13 byrjaði að rigna. Það gekk svo á með smá hléum alveg til að verða klukkan 16 en þá var loksins farið að glitta í bláan himinn.

Fjórir flugmenn voru skráðir til leiks og voru flognar 9 umferðir eða 36 flug. Þar sem ekki var nema einn aðstoðarmaður þá var ákveðið að fljúga þrjár umferðir í einu svo mótið gengi hraðar fyrir sig.

Gekk mótið að mestu áfallalaust fyrir sig þó Böðvar hafi lent í brekkunni í fimmtu umferð og Jón missti allt samband við sína í fjórðu umferð þó lúpínan hafi bjargað henni frá skemmdum þá þurfti að tengja allt rafkerfið upp á nýtt og kom Jón svo aftur til leiks í sjöundu umferð. Níundu umferðinni lauk svo rétt rúmlega sex og var ákveðið að láta það gott heita.

Hraðasta fyrsta legg átti Böðvar en hann var 2,12 sekúndur í sjöundu umferð en besta tímann átti Sverrir á 46,02 sekúndum í áttundu umferð.

Aðstoðarmaðurinn Hannes fær kærar þakkir fyrir aðstoðina frá keppendum og mótsstjórn.




Vídeó á YouTube



Umfjöllun á Fréttavefnum

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	7.986
2.	Erlingur Erlingsson	7.387
3.	Böðvar Guðmundsson	6.084
4.	Jón V. Pétursson	4.297





# ÚR ÖLLUM ÁTTUM



Stóra gul að koma inn yfir Vatnsenda undir öruggri stjórn Gunnars.



Stundum fer allt í skrófuna!













Stuka hefur sig til flugs á Melgerðismelum.



En það er stutt í óvininn en sem betur fer var þetta bara flugsýning og allir vinir.



9 772298 820004